

GREINARGERÐ

vegna afgreiðslu umsóknar Landsnets hf. um framkvæmdaleyfi fyrir Kröflulínu 3 í Fljótsdalshreppi.

Með bréfi dags. 11. júlí 2018 lagði Landsnet hf., kt. 580804-2410, Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík fram umsókn til Fljótsdalshrepps um framkvæmdaleyfi fyrir Kröflulínu 3 samkvæmt 13. og 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sbr. og 6. og 7. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.

Eftirtalin gögn voru lögð fram af hálfu leyfisbeiðanda:

1. **Umsókn um framkvæmdaleyfi dags. 11. júlí 2018.**
2. **Lýsing mannvirkja vegna framkvæmdaleyfis í Fljótsdalshreppi júlí 2018, Efla verkfræðistofa.**
3. **Minnisblað Eflu verkfræðistofu dags. 4. apríl 2019.**
4. **Uppdrættir í mælikvarða 1:10.000.**
5. **Kröflulína 3, 220 kV. Mat á umhverfisáhrifum, matskýrsla júlí 2017 ásamt fylgigögnum.**
6. **Kröflulína 3. Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum dags. 6. desember 2017.**
7. **Kerfisáætlun Landsnets hf. 2015-2024.**
8. **Ákvörðun Orkustofnunar 25. apríl 2016 þar sem kerfisáætlun Landsnets hf. 2015-2024 var samþykkt.**

Við afgreiðslu umsóknarinnar liggja fyrir auk framangreindra gagna eftirtalin gögn:

9. **Aðalskipulag Fljótsdalshrepps 2014-2030 samþykkt 11. ágúst 2014, uppdrættir og greinargerð ásamt umsögnum.**
10. **Breyting á aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2014-2030 samþykkt 8. apríl 2019, uppdrættir og greinargerð ásamt umsögnum.**
11. **Deiliskipulag Kárahnjúkavirkjunar, mannvirki í Fljótsdal, 2003.**

I. Efni umsóknar.

Í umsókn Landsnets hf. (hér eftir Landsnet) kemur fram að samkvæmt 2. gr. laga um stofnun Landsnets nr. 75/2004, hafi fyrirtækið það hlutverk að annast flutning raforku og kerfisstjórnun samkvæmt ákvæðum III. kafla raforkulaga, nr. 65/2003 og að félagið beri ábyrgð á rekstri og kerfisstjórnun raforkukerfisins á Íslandi. Fyrirtækið hafi eitt heimild til að reisa ný flutningsvirki og skuli byggja upp flutningskerfi raforku á hagkvæman hátt að teknu tillit til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar, gæða raforku og stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku, sbr. sérstaklega 9. gr. raforkulaga.

Fram kemur að markmiðið með byggingu Kröflulínu 3 sé að bæta raforkukerfi landsins, tryggja stöðugleika raforkukerfisins á Norður- og Austurlandi með betri samtengingu þessara landshluta, auka flutningsgetu, öryggi raforkuafhendingar og gæði raforku næstu 50 árin hið minnsta. Að auki muni sveigjanleiki í kerfinu með tilliti til staðsetningar orkuvinnslu annars vegar og orkunýtingar hins vegar, aukast verulega sem leiða muni til bættrar nýtingar orkuauðlinda. Fyrirhuguð framkvæmd geri ráð fyrir að ný Kröflulína 3 verði með 550 MVA hitaflutningsmörk.

Hinn 10. mars 2017 hafi Landsnet lagt fram frummatsskýrslu um Kröflulínu 3 til athugunar hjá Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og endanlegri matsskýrslu hafi verið skilað í júlí 2017. Skipulagsstofnun hafi gefið út álit um hana þann 6. desember 2017.

Jafnframt kemur fram að Orkustofnun hafi samþykkt kerfisáætlun Landsnets hf. 2015-2024 með ákvörðun 25. apríl 2016 og hafi Kröflulína 3 verið ein þeirra framkvæmda sem þar var á framkvæmdaáætlun. Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. raforkulaga beri engu síður að tilkynna Orkustofnun um ný flutningsvirki áður en þau eru tekin í notkun og skuli stofnunin hafa eftirlit með að slík framkvæmd sé í samræmi við framkvæmdaáætlun Landsnets hf.

Í umsókn er gerð grein fyrir því að fyrir liggja leyfi forsætisráðuneytisins vegna framkvæmda í þjóðlendu sbr. bréf dags. 23. apríl 2018 auk sem fram komi að fyrir liggja samkomulag við alla landeigendur þeirra þriggja jarða sem línulögn fer um í Fljótsdalshreppi sem eru Hamborg, Skriðuklaustur og Valþjófsstaður.

II. Lýsing mannvirkja og framkvæmda vegna útgáfu framkvæmdaleyfis í Fljótsdalshreppi.

Með umsókn Landsnets um framkvæmdaleyfi fylgdi skýrsla Eflu verkfræðistofu útgefin í júlí 2018 sem sem hefur að geyma lýsingu mannvirkja Kröflulínu 3 í Fljótsdalshreppi. Þá hefur Landsnet hf. lagt fram minnisblað Eflu verkfræðistofu dags. 4. apríl 2019 um áhrif Kröflulínu 3 á votlendi í Fljótsdalshreppi (hér eftir minnisblað Eflu). Helstu mannvirkjum og framkvæmdum er lýst þannig í meginatriðum í þessum gögnum:

A. Línuleið – mastragerð.

Innan sveitarfélagsmarka Fljótsdalshrepps mun Kröflulína 3 liggja á um 12 km kafla samsíða Kröflulínu 2 um Fljótsdalsheiði vestan við Vegufs, Bugöldu og Þverfell, fram af Teigsbjargi að tengivirki í Fljótsdal. Framkvæmdir felast í lagningu vegslóðar, gerð undirstaða og stagfesta fyrir möstur, reisingu mastra og strengingu leiðara og jarðvírs á 1,5 til 2 km kafla næst endum og efnisvinnslu. Gerð er grein fyrir því að Kröflulínu 3 verði borin upp af svokölluðum M-röramöstrum að undanskildum hornmöstrum og línuenda. Í línulögn sem þessari sé Möstrin verða misjöfn að hæð eða á bilinu 16-31 metri með 20 metra breiðri ofanálíggjandi þverslá sem upphengibúnaður og leiðarar línunnar hanga í. Möstrin standa á tveimur standa á tveimur fótum sem settir eru á steypar undirstöður og þau stöguð niður með átta stögum. Á stöku stað á línuleiðinni s.s. við horn er gert ráð fyrir að notaðar verði aðrar mastragerðir. Hornmöstur verði víðast hvar þrjár stagaðar stálsúlur en þar sem ekki eru nægjanlegt pláss fyrir stög verði frístandandi möstur á fjórum undirstöðum. Útlit mastra á Valþjófsstaðafjalli verði samræmt þannig að öll möstur verði þar frístandandi röramöstur eins og núverandi endamöstur Kröflulínu 2 og Fljótsdalslínu 3 og 4. Þrjú möstur Kröflulínu 3 standa í hlíð Teigsbjargs verði því frístandandi röramöstur og tvö möstur þar á undan, ofan við brún, stöguð röramöstur í svipuðum stíl. Þá verði fjögur samhliða stálgrindarmöstur Kröflulínu 2 tekin niður og reist röramöstur í þeirra stað.

B. Jarðvinna við undirstöður og stagfestur.

Fætur mastra standa á forsteyptri undirstöðu en stög halda þeim í skorðum. Við jörð tengjast stögin við stagfestur, ýmist forsteypar staghellur eða boraða bergbolta. Grafa þarf fyrir stagfestum og undirstöðum í masturstæði og koma þeim fyrir. Þar sem ekki er unnt að grafa fyrir undirstöðum verður fleygað 1 – 1,5 m. niður á klöpp en holur verða að jafnaði 2,5 m. x 3 m. í botninn.

Þar sem aðstæður leyfa verða notaðir bergbolta úr stáli til að festa stög og á borað um 3-7 m. niður í klöpp, hola hreinsuð og fyllt með sementsvellungi. Bergbolta er síðan rennt niður í holuna þar sem hann steypist fastur. Þegar undirstöðum mastra og stagfestum hefur verið komið fyrir verður fyllt að þeim með burðarhæfu efni. Uppgrafið efni er nýtt að svo miklu leyti sem mögulegt er en annað efni flutt úr námum. Uppgrefri sem ekki er hægt að nýta sem fyllingarefni verður jafnað út innan skilgreinds masturstæðis. Gert er ráð fyrir að setja þurfi um 30-50 rúmmetra af burðarhæfu fyllingarefni að venjulegu burðarmastri en allt að 200 rúmmetrum að hornmöstrum með stöguðum súlum. Öll möstur verða jarðtengd með jarðskautsborða. Jarðskautsborðinn verður grafinn niður umhverfis bergbolta, stagfestur og undirstöður og tengdur við mastursfætur og stagfestur. Þar sem hægt verður að koma því við verður jarðskautsborði plægður niður í slóða og möstrin þannig tengd saman. Þar sem það verður ekki unnt verða jarðskaut plægð niður út frá möstrum eftir þörfum og eins og aðstæður bjóða upp á. Þar sem taldar eru líkur á mikilli umferð almennings nálægt mastri, verður sett upp sérstakt spennujöfnunarskaut til að draga úr hættu af völdum skref- og snertispennu. Í Fljótsdalshreppi á þetta við möstur 309-310, 317 og 321-322.

Í minnisblaði Eflu kemur fram að Landsnet áformi nýtt verklag við stögun mastra á blautum svæðum á Fljótsdalsheiði sem muni draga verulega úr yfirborðsraski. Felst hið nýja verklag í því að að festa stögin í bergbolta sem verða steypdir fastir við berg undir votlendinu. Sérstakur borvagn verður notaður til að bora um 10 cm. breiða holu fyrir hvern bergbolta. Með þessu yrði yfirborðsrask bundið við fjórar 10 cm. breiðar holur og mögulega hjólför eftir borvagninn sem er mun léttari en beltagrafa sem yrði notuð í hefðbundinni framkvæmd. Þessu nýja verklagi verður hægt að beita á frosinni jörð þannig að komið verði í veg fyrir sár eftir borvagninn við þær aðstæður.

C. Reising mastra og strenging leiðara og jarðvíra.

Við hvert mastur verður gert vinnuplan sem nýtist við reisingu masturs og strengingu leiðara. Vinnuplönin verða misstór eftir aðstæðum og mastragerð, plön við burðarmastur verða að jafnaði 80-100 fermetrar, 300 fermetrar við frístandandi hornmöstur en við stöguð hornmöstur á bilinu 1.600-2.200 fermetrar eftir hæð mastranna. Möstur verða almennt skrúfuð saman við stæði og reist í heilu lagi með krana en frístandandi hornmöstur verða þó reist í hlutum vegna mikillar þyngdar.

Að loknum frágangi mastra verður grannur stálvír (forvír) þræddur í gegnum ádráttarhjóll í hverju mastri á viðkomandi strengingarkafli og þá tengdur við þann vír (leiðara eða jarðvír) sem á að strengja og spilaður til baka inn á kefli. Þegar lokið hefur verið við að strengja alla víra á viðkomandi kafla eru þeir teknir úr hjólum og festir í tengipunkta á möstrum.

D. Slóðagerð.

Ökuslóð fær vörubílum þarf að vera að hverju mastri. Mest álag á vegslóða verður á framkvæmdatímanum en þeir þurfa þó í megindrátum að vera varanleg mannvirki þannig að unnt verði að sinna eftirliti og viðhaldi. Þar sem fyrir hendi er burðarhæft land s.s. á melum verður áðurmarkaðri leið fylgt.

Yfirborðsbreidd vinnuslóða verður á bilinu 3,5 – 4,5 metrar auk fláa þar sem þörf verður á vegna landslags. Gert er ráð fyrir einbreiðri slóð með um 100 fermetra snúningsplani á nokkur hundruð metra fresti. Að jafnaði megi búast við að efnisþykkt nýrra vegslóða verði á bilinu 30 – 70 cm. eftir jarðvegsaðstæðum en þó ekki meiri en 50 cm. þar sem undirlag er gott. Á einstaka stað þar sem slóðagerð verður umfangsmest getur heildabreidd slóða með fláa farið í 6,5 metra á sléttu landi og allt að 8 metrum þegar slóð er lögð í hliðarhalla. Við slíkar aðstæður verður reynt að nýta svarðlag og gróðurþekju undan slóðum til að leggja yfir fláann í þeim tilgangi að minnka sýnileika og áhrif á slóðagerðarinnar á gróið land. Hliðarslóðar að möstrum verða almennt efnisminni en aðalslóðin en verða þó að geta borið

efnisflutninga, krana til reisingar og körfubíla á framkvæmda- og rekstrartíma. Lögð verður áhersla á að vegslóðar fari vel í landi og sem minnst spjöll verði og verður leitast við að leggja þær á land án ýtingar og sneitt hjá úfnum hraunsvæðum eins og kostur er. Endanlega slóða verður valin í samráði við Umhverfisstofnun og landeigendur.

Í minnisblaði Eflu kemur fram að á votlendissvæðum á línuleiðinni hafi verið lögð vinna í að staðsetja meginlóð og nýjar slóðar að möstrum að á berandi landi þar sem kostur er. Einnig hafi möstur verið færð til í línustefnu til að lágmarka slíkt inngríp, því er slóðin til dæmis ekki samfelld í gegnum votlendissvæði, heldur verða afleggjarar að erfiðari mastrastæðum frá meginlóð sem er þá lögð burðarmeira undirlagi. Reynt verður að halda vegslóðum í votlendi eins umfangslitlum og mögulegt er með því að leggja 150-250 g/m² jarðvegsdúk undir slóðir og hafa stærðartakmarkanir á vinnuvélum sem nýta slóðirnar. Ekki verður heimilt að nota flutningatæki sem eru breiðari 2,5 metrar og beltagröfur sem eru þyngri 25 tonn. Ræsi verða lögð undir slóðir sem liggja yfir votlendi sem ásamt jarðvegsdúkum er ætlað að tryggja óheft flæði vatns um votlendið.

E. Efnistaka.

Burðarhæft fyllingarefni þarf til slóðagerðar og í plön við möstur auk fyllingarefnis að undirstöðum og stagfestum. Áætluð efnisþörf vegna fylliefna fyrir möstur í Fljótsdalshreppi er um 7.000 rúmmetrar og vegna slóðagerðar og plana um 90.000 rúmmetrar. Í Fljótsdalshreppi er gert ráð fyrir fjórum efnistöskustöðum sem allir eru nýir og er heildarmagn sem heimilt er að taka úr þeim 67.000 rúmmetrar sbr. umfjöllun í kafla IV.

F. Frágangur í verklok.

Að lokinni lagningu lína verður framkvæmdasvæðið hreinsað, efnisafgangar, umbúðir og annað lauslegt fjarlægð. Jarðrask verður lagfært og sáð í sár ef þörf er talin á. Slóðar verða lagfærðir og gerðar ráðstafanir til að hindra úrrennsli í leysingum og stórrigningum. Leitast verður við að tryggja að endurheimt raskraðra svæða verði í samræmi við það gróðurfar sem fyrir er og verður haft samráð við Landgræðsluna um tegundir og aðferðir við uppgreðslu.

III. Lagagrundvöllur útgáfu framkvæmdaleyfis.

Um lagagrundvöll til útgáfu framkvæmdaleyfis er vísað til 13. og 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sbr. og reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi.

Fyrir liggur að framkvæmd sú sem óskað er leyfis fyrir telst vera meiriháttar framkvæmd sem áhrif hafi á umhverfið breyti ásýnd þess sbr. 1. mgr. 13. gr. skipulagslaga. Samkvæmt 4. mgr. 13. gr. skal sveitarstjórn við útgáfu framkvæmdaleyfis fjalla um og taka afstöðu til þess hvort framkvæmd sé í samræmi við skipulagsáætlanir auk þess sem sveitarstjórn skal ganga úr skugga um að gætt hafi verið ákvæða laga um náttúruvernd og annarra laga og reglugerða sem eigi við.

Framkvæmd sú sem umsókn um framkvæmdaleyfi lýtur að sætti mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 og gildir því 14. gr. skipulagslaga um útgáfu leyfisins. Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skal sveitarstjórn við umfjöllun um slíkt framkvæmdaleyfi kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila um framkvæmdina og kanna hvort framkvæmdin sé sú sem lýst er í matsskýrslu. Þá skal sveitarstjórn taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Sveitarstjórn getur bundið framkvæmdaleyfi þeim skilyrðum er fram koma í áliti Skipulagsstofnunar auk skilyrða sem sett eru í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir sveitarfélagsins.

Um útgáfu framkvæmdaleyfis þessa og gildistíma þess fer samkvæmt 15. gr. skipulagslaga. Sveitarstjórn Fljótaldalshrepps fer með veitingu framkvæmdaleyfa (leyfisveitandi) þar sem skipulagsnefnd sveitarfélagsins hefur ekki verið veitt heimild til fullnaðarafgreiðslu slíkra leyfa sbr. 2. mgr. 6. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

IV. Skipulagsáætlanir.

Í aðalskipulagi Fljótaldalshrepps 2014 – 2030 sem tók gildi þann 14. ágúst 2014 var gert ráð fyrir lagningu Kröflulínu 3 með þeirri línuleið sem framkvæmdaleyfisbeiðni lýtur að.

Í greinargerð með aðalskipulaginu kom fram að draga skyldi úr sjónrænum áhrifum línunnar og vísað til bókunar sveitarstjórnar Fljótaldalshrepps um þau efni frá 7. mars 2014 þar sem sagði:

“Sveitarstjórn leggur til að gert verði ráð fyrir lagnaleið Kröflulínu 3 í nágrenni við Kröflulínu 2. Gengið er út frá því að Landsnet vinni með Fljótaldalshreppi í því að ná niðurstöðu um tilhögun línulagnar áður en hún kemst á framkvæmdastig.”

Efnistökuastaðir í Fljótaldalshreppi sem Landsnet hf. hyggst nota við lagningu Kröflulínu 3 voru ekki skilgreindir sem slíkir í aðalskipulagi því sem öðlaðist gildi í ágúst 2014. Af þeim sökum óskaði Landsnet hf. eftir breytingu á aðalskipulaginu. Að lokinni lögbundinni málsmeðferð samþykkti sveitarstjórn Fljótaldalshrepps breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins 2014-2030 vegna þessa og var hún staðfest af Skipulagsstofnun þann 8. apríl 2019. Breytingin öðlaðist gildi með birtingu auglýsingar um hana í B-deild Stjórnartíðinda þann 26. apríl 2019. Heildarmagn efnistöku úr þessum nýju efnistökuöðum sem heimilað er, eru 67.000 rúmmetrar.

Við undirbúning framangreindra skipulagsáætlaana var leitað umsagna frá umsagnaraðilum sem lög bjóða þ.á.m. Umhverfisstofnunar vegna ákvæða laga um náttúruvernd. Í greinargerð með aðalskipulagsbreytingunni segir:

“Kröflulína 3, 220 kV, Fyrirhuguð frá tengivirki við Kröflustöð að tengivirki í Fljótaldal, samhliða Kröflulínu 2. Sveitarstjórn samþykkir aðalvalkost Landsnets sem fellst í loftlínu og samræmingu á mastursgerð (Fuglinn) eldri línu (Kröflulínu 2) niður Valþjófsstaðafjall sbr. bókun sveitarstjórnar frá 3. júlí 2018.”

Sú tilhögun línulagnar sem fram kemur í umsókn og fylgigögnum hennar er í samræmi við niðurstöðu samráðs Landsnets og Fljótaldalshrepps.

Ekki hefur gert sérstakt deiliskipulag vegna þeirrar framkvæmdar sem umsókn lýtur að. Að mati sveitarstjórn var, eins og atvikum er háttað, ekki þörf á grenndarkynningu framkvæmdarinnar sbr. 44. gr. skipulagslaga þar sem fjallað er um hana með fullnægjandi hætti í aðalskipulagi Fljótaldalshrepps 2014-2030 með samþykkttri breytingu sbr. 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga. Á hluta framkvæmdasvæðis Kröflulínu 3 er í gildi deiliskipulag Kárahnjúkavirkjunar frá árinu 2003 og fer framkvæmd sú er umsókn lýtur að ekki í bága við það deiliskipulag.

Samkvæmt framangreindu telst uppfyllt það skilyrði að framkvæmd sú sem óskað er framkvæmdaleyfis fyrir sé í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

V. Mat á umhverfisáhrifum Kröflulínu 3.

Samkvæmt 1. mgr. 14. gr. skipulagslaga er óheimilt að gefa út leyfi fyrir framkvæmd samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum fyrr en álit Skipulagsstofnunar um mat á

umhverfisáhrifum liggur eða ákvörðun ákvörðun stofnunarinnar um að framkvæmd sé ekki matsskyld.

Matsskýrsla Landsnets hf. “Kröflulína 3, 220 kV” var gefin út og afhent Skipulagsstofnun í júlí 2017 að undangenginni lögboðinni málsmeðferð.

Þann 6. desember 2017 gaf Skipulagsstofnun út álit um mat á umhverfisáhrifum Kröflulínu 3.

Í álitinu er gerð grein fyrir þeim fjórum valkostum við framkvæmdina sem lýst er í matsskýrslu. Aðalvalkostur Landsnets samkvæmt matsskýrslunni er sá óskað er framkvæmdaleyfis fyrir og er lýst hér að framan í kafla III. Aðrir valkostir sem fjallað er um varða aðra legu, mastragerðir og lagningu línu í jörð. Valkostur E4 felur í sér 15 km. jarðstreng á syðri hluta Fljótsdalsheiðar frá brún Teigsbjargs og inn á heiðina, sömu leið og loftlína samkvæmt aðalvalkosti. Valkostir E5 og E6 varða jarðstrengi við Valþjófsstaðafjall og Bessastaðaá og er vísað í álitinu til þess að fram komi í matsskýrslu að með tilkomu 220 kV Kröflulínu 3 skapist aðstæður næst Fljótsdalsstöð til að taka Kröflulínu 2 (132 kV línu) niður og setja í jarðstreng á Valþjófsstaðafjalli. Austasti hlui Kröflulínu 2 sé á 220 kV möstrum sem megi nýta fyrir Kröflulínu 3. Í matsskýrslunni séu kynntir tveir 132 kV jarðstrengskostir Kröflulínu 2, þ.e. E5 niður Teigsbjarg og E6 með Bessastaðaá og vegi.

1. Niðurstaða álits Skipulagsstofnunar.

Í niðurstöðukafla álitsins segir: “Í samræmi við 11. gr. laga og 26. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir matsskýrslu Landsnets sem lögð var fram samkvæmt 10. gr. sömu laga. Skipulagsstofnun telur að matsskýrslan uppfylli skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum og umhverfisáhrifum hafi verið lýst á fullnægjandi hátt.”

Um umhverfisáhrif Kröflulínu 3 segir í niðurstöðukafla nr. 5.1.1:

“Miðað við þá valkosti sem kynntir eru í matsskýrslu Landsnets er ekki unnt að leggja Kröflulínu 3 án þess að raska svæðum sem njóta verndar vegna votlendis, jarðmyndana og vatnsverndar. Allir framlagðir valkostir munu hafa í för með sér skerðingu á votlendi á Jökuldals- og Fljótsdalsheiði sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum og forðast ber að raska nema brýn nauðsyn beri til.”

Þá kemur fram það álit að Kröflulína 3 muni hafa mikil áhrif á landslag og mögulega einnig á ferðaþjónustu og útivist en draga megi verulega úr neikvæðum áhrifum framkvæmdanna hvað þessa þætti varðar með því að leggja línuna í jörð og þar komi allir jarðstrengskaflar til álita sem kynntir eru í matsskýrslunni. Einnig segir að loftlína sérstaklega á Jökuldals- og Fljótsdalsheiði muni mögulega hafa talsverð áhrif á fugla vegna áflugs á línuna og samlegðaráhrifum Byggðalínu hvað það varðar, en óvissa sé þó um umfang þeirra áhrifa.

Samkvæmt álitinu teljast áhrif á aðra umhverfisþætti óveruleg að teknu tilliti til áformaðrar tilhögunar framkvæmda og mótvægisáðgerða.

Um jarðstrengi er fjallað í kafla 5.1.2. Kemur þar meðal annars fram að staðfest sé að tæknileg atriði takmarki möguleika og umfang þess að setja Kröflulínu 3 í jarðstrengi á fyrirhugaðri línuleið. Um þetta segir í álitinu:

“Af framangreindu er ljóst að miðað við fyrirbyggjandi forsendur Landsnets verður eingöngu unnt að leggja jarðstrengi á mjög afmörkuðum köflum við fyrirhugaða uppbyggingu 220 kV háspennulínu milli Blönduvirkjunar og Fljótsdalsstöðvar. Því telur Skipulagsstofnun mikilvægt að þegar tekin er ákvörðun um á hvaða kafla eða köflum verða lagðir jarðstrengir verði horft heildstætt á línuleiðina alla, milli Blönduvirkjunar og Fljótsdalsstöðvar.”

Í niðurlagi kaflans kemur fram að Skipulagsstofnun telji mikilvægt að sveitarfélögin þrjú sem Kröflulína 3 fer um standi samhliða að leyfisveitingum til framkvæmdanna og þar með ákvörðun um jarðstrengskafla.

Í kafla 5.1.3 er fjallað um tengsl við Byggðalínu (Kröflulínu 2) og að almennt megi ganga út frá því að það að Kröflulína 3 liggja samhliða henni sé til þess fallið að draga úr neikvæðum áhrifum loftlínu. Á hinn bóginn er þá það bent að í náinni framtíð komi að ákvörðunum um endurnýjun eða breytingar á Byggðalínunni og að meira svigrúm sé til lagningar 132 kV raflínu í jörð en 220 kV. Fram kemur að Skipulagsstofnun telji af þessum sökum geti orkað tvímælis að ákvarða legu Kröflulínu 3 út frá legu Kröflulínu 2, sérstaklega á köflum þar ssem línurnar verða mjög sýnilegar fjölda ferðamanna, skerða mikilvægar sjónlínur í landslaginu og skerða jafnframt víðerni sem vernda skal samkvæmt náttúruverndarlögum og landsskipulagsstefnu.

Í kafla 5.1.4 sem ber heitið ber heitið “Niðurlag” segir:

“Í ljósi ofangreinds telur Skipulagsstofnun sérstaka ástæðu til að nýta þá möguleika sem eru fyrir hendi til að leggja þá kafla línunnar í jörð þar sem mestra neikvæðra áhrifa er að vænta á landslag, ferðaþjónustu og útivist og fugla. Við ákvörðun um jarðstrengskafla er mikilvægt að horft sé til þess takmarkaða svigrúms sem er til lagningar jarðstrengja við áformaða uppbyggingu flutningskerfis milli Blönduvirkjunar og Fljótsdalsstöðvar. Þá beinir Skipulagsstofnun því til sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps að taka afstöðu til valkosta um jarðstrengi í Fljótsdal (E5 og E6), en um er að ræða 132 kV jarðstrengskosti sem ekki eru háðir framangreindum takmörkunum á heildarlengd jarðstrengja milli Blönduvirkjunar og Fljótsdalsstöðvar.

Að öðru leyti vísast til umfjöllunar í 3. kafla að framan og matsskýrslu Landsnets. Leyfisveitendur þurfa að gæta þess í leyfum til framkvæmdanna séu sett viðeigandi skilyrði um framkvæmdatilhögun, mótvægisáðgerðir og vöktun í samræmi við þá umfjöllun.”

2. Afstaða leyfisveitandans Fljótsdalshrepps til álits Skipulagsstofnunar.

Fljótsdalshreppur telur að framkvæmd sú sem lýst er í umsókn um framkvæmdaleyfi og nánari lýsingu hennar sem með henni fylgdi sé í samræmi við þá lýsingu sem fram kom í matsskýrslu Landsnets. Umsóknin lýtur að þeirri framkvæmd og tilhögun sem lýst var sem aðalvalkosti Landsnets. Í þeirri tilhögun er gert ráð fyrir að fyrirhugaðar raflínur Kröfulínu 3 verði loftlínur.

Verður hér fjallað um efnisatriði í áliti Skipulagsstofnunar sem beint er til Fljótsdalshrepps að taka afstöðu til.

a) Gróður – Sérstök vernd.

Samkvæmt 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd njóta votlendi, svo sem hallamýrar, flóar, flæðimýrar, rústamýrar 20.000 fermetrar að flatarmáli eða stærri sérstakrar verndar í samræmi við markmið 2. gr. sbr. og c-lið 3. gr. laganna. Svo sem lýst er í 3. mgr. 61. gr. ber að forðast að raska vistkerfum og jarðminjum sem eru taldar upp í 1. og 2. mgr. nema brýna nauðsyn beri til og skal við mat á framkvæmdaleyfisumsókn líta til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. og jafnframt huga að mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi.

Í kafla 3.1.3 í áliti Skipulagsstofnunar sem heitið “Niðurstæða” kemur fram að víðfeðm votlendissvæði séu á línuleið Kröflulínu 3 sem falli undir sérstaka vernd 61. gr. náttúruverndarlaga. Fyrir liggja að ekki sé unnt að leggja loftlínu eða jarðstreng samhliða

Kröflulínu 2 um Jökuldals- og Fljótsdalsheiði án þess að skerða votlendi sem eru rústamýrarvist sem eru með hátt verndargildi samkvæmt vistgerðarflokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands. Landsnet kynnti í matsskýrslu að unnt væri að draga úr raski og bæta fyrir rask á votlendi og öðrum gróðurlendum með viðeigandi hönnun og endanlegri útfærslu og staðsetningu einstakra framkvæmdaþátta og mannvirkja og með viðeigandi vali á framkvæmdatíma, framkvæmdatilhögun, frágangi og uppgæðslu.

Með minnisblaði Eflu verkfræðistofnu dags. 4. apríl 2019 sem ber heitið “Áhrif Kröflulínu 3 á votlendi í Fljótsdalshreppi” hefur Landsnet leitast við að gera grein nánari grein fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum og tilhögun á votlendissvæðum á línuleið á Fljótsdalsheiði og áhrifum þeirra. Þar segir m.a.:

“Kröflulína 3 liggur samsíða Kröflulínu 2 á um 12 km kafla í Fljótsdalshreppi, þ.e. frá Fljótsdalsstöð að sveitarfélagsmörkum á miðri Fljótsdalsheiði. Svæðið er almennt nokkuð vel gróið, en samfelldur og gróskumikill gróður er ekki algengur svo hátt inn til lands. Í brúnum Fljótsdals eru einkum móar en á heiðinni skiptast á votlendi og móar. Votlendin eru sum hver víðáttumikilm, eða allt að 4.419 ha (Gerður Guðmundsdóttir og Kristín Ágústsdóttir, 2015). Einkum er um að ræða hengistararflóavist sem er algróið mosaríkt votlendi með hátt verndargildi, brokflóavist sem er deigt til forblautt mýrlendi vaxtið klófífu og stórum með mjög hátt verndargildi og rekvvist sem er allvel gróið og rakt mosaríkt land með miðlungs verndargildi (Landsnet, 2017). Þar sem mörg þessara votlenda eru yfir 2 ha að flatarmáli njóta þau sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og ber að forðast að raska þeim nema brýna nauðsyn beri til. Svæðið telst því mikilvægt vistkerfi. Þar sem svæðið er blautt og í mikilli hæð yfir sjávarmáli telst gróður líka viðkvæmur fyrir hvers kyns raski.”

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið er lagt til grundvallar að framkvæmdir við Kröflulínu 3 í Fljótsdalshreppi sem óskað er framkvæmdaleyfis fyrir muni valda alvarlegum og óafturkræfum áhrifum á umrædd votlendissvæði á Fljótsdalsheiði.

Í umsögn Umhverfisstofnunar vegna tillögu um breytingar á aðalskipulagi Fljótsdalshrepps dags. 7. febrúar 2019 segir:

“Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir byggingaleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til rækilegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4.mgr. 61. gr. “

Af hálfu Landsnets er lýst í áðurgreindu minnisblaði frá 4. apríl 2019 hvernig staðið er að verkhönnun og fyrirhugaðri framkvæmd þannig að leitast sé við að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar á votlendi og vísast um það í meginatriðum til umfjöllunar í kafla II. Til viðbótar því sem þar er lýst kemur fram í minnisblaðinu:

“Landsnet mun leggja áherslu á viðvarandi eftirlit með framkvæmdum og slóðagerð. Eftirlitsmenn með framkvæmdum verða því á verkstað meðan framkvæmdir standa yfir. Loks áformar Landsnet að kosta framkvæmdir við að endurheimta jafn stórt votlendi og tapast við framkvæmdir á Fljótsdalsheiði í samráði við Umhverfisstofnun og Fljótsdalshrepp. Þrátt fyrir að sú mótvægisáðgerð gagnist ekki votlendinu sem raskast við framkvæmdirnar þá dregur hún úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar á votlendi landsins, enda stendur til að reyna að endurheimta svipaða votlendisgerð og tapast í sama landshluta og framkvæmdin á sér stað, sé þess kostur (Landsnet, 2017).”

Fram kemur í minnisblaðinu að þeim aðgerðum sem lýst er í því sé unnt að draga nokkuð úr raski á votlendi í Fljótsdalshreppi frá því sem áætlað var í matsskýrslu eða úr 3,6 ha í 2,1 ha og rask á votlendi sem njóti sérstakrar verndar fari í 1,0 ha í 0,6 ha. Með tilgreindum aðgerðum sé stefnt að því að beint rask á votlendi verði einungis á landi sem fer undir slóðir og möstur.

Samkvæmt því sem rakið hefur verið ber leyfisveitandi þar sem fyrirhuguð framkvæmd raskar vistkerfi sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga að taka afstöðu til þess hvort uppfyllt séu skilyrði um að “brýna nauðsyn beri til” og framkvæma mat þar að lútandi.

Hér að framan hefur í meginatriðum verið lýst aðgerðum Landsnets til að takmarka rask og aðrar neikvæðar afleiðingar af framkvæmdum á votlendissvæðum á Fljótsdalsheiði. Fyrir liggur að sú línuleið sem óskað er leyfis fyrir verður ekki farin nema af því leiði rask á votlendi sem nýtur sérstakrar verndar og skiptir þá ekki máli hvort um loftlínu eða jarðstreng væri að ræða. Þá liggur fyrir að raskið nær einungis til lítils hluta votlendisins á Fljótsdalsheiði. Í umhverfismati Kröflulínu 3 komu engir valkostir til skoðunar sem fólu í sér línuleið í Fljótsdalshreppi þar ekki var votlendi enda verður ekki séð að neina slíka kosti hafi verið að ræða. Sú línuleið sem óskað er leyfis fyrir og fer um votlendissvæði er eins og áður hefur komið fram í samræmi við gildandi aðalskipulag Fljótsdalshrepps. Af því leiðir að eins og atvikum er háttáð að þessu leyti stendur leyfisveitandi frammi fyrir því að annað hvort að fallast á framkvæmdir á umræddum svæðum sem njóta sérstakrar verndar eða hafna útgáfu framkvæmdaleyfis að öllu leyti á þessum grundvelli.

Í umsókn og þeim gögnum sem henni fylgdu þ.m.t. kerfisáætlun 2015-2024 er gerð grein fyrir þörf og nauðsyn fyrir raforkukerfi landsins að leggja Kröflulínu 3. Í kerfisáætluninni segir:

“Landsnet áformar byggingu nýrrar 220 kV háspennulínu frá nýju tengivirki við Kröflustöð að tengivirki við Fljótsdalsstöð. Tilgangur framkvæmdarinnar er að tryggja stöðugleika raforkuferfisins á Norður- og Austurlandi með betri samtengingu þessara landshluta og auka þannig öryggi raforkuafhendingar og gæði raforku. Framkvæmdin er mikilvægur hlekkur í styrkingu flutningskerfisins í heild þar sem um er að ræða mikilvæga styrkingu á milli framleiðslueininga á norðaustur- og austurhluta landsins.”

Með vísan til þess sem rakið hefur verið er það mat leyfisveitanda að framkvæmdin eins og henni er lýst og með þeirri útfærslu og mótvægisáðgerðum sem lýst er í minnisblaði Eflu verkfræðistofu frá 4. apríl 2019 sé þess eðlis að uppfyllt séu skilyrði um brýna nauðsyn til að raska votlendi á Fljótsdalsheiði sem nýtur sérstakrar verndar enda verði framkvæmdin á þeim svæðum í samræmi við það sem leyfisbeiðandi hefur lýst og með þeim mótvægisáðgerðum sem að framan greinir og því skilyrði að endurheimt verði votlendi í Fljótsdalshreppi sem nemi að lágmarki stærð þess votlendis sem nýtur sérstakrar verndar sem fer undir mannvirki Kröflulínu 3 á Fljótsdalsheiði sbr. kafla 7.6 í matsskýrslu Landsnets.

b) Dýralíf.

Í kafla 3.2.3 í álitum Skipulagsstofnunar er gerð grein fyrir niðurstöðu varðandi áhrif framkvæmdarinnar á fugla. Þar kemur fram að almennt sé fuglalíf á línuleiðinni fremur fábreytt og þéttleiki fugla lítill. Talið er að línur geti haft áhrif á andfugla á Fljótsdalsheiði og að áflog á loftlínur muni valda dauða fjölda fugla árlega og þannig staðbundið hafa neikvæð áhrif á fugla. Stofnar þeirra tegunda helst geta orðið fyrir bardinu séu hins vegar mjög stórir á landsvísu og því ekki líklegt að um veruleg neikvæð áhrif sé að ræða. Í lokamálsgrein kaflans segir:

“Ljóst er að sárlega skortir á rannsóknir á umfangi áflugs og áhrifa raflína á fuglastofna hérlendis. Skipulagsstofnun hefur í álitum um sambærileg verkefni bent á nauðsyn að

upplýsingum sé safnað á skipulegan hátt um áflug fugla á háspennilínur sem nýta megi til að spá fyrir um áflugshættu þegar nýjar línur eru fyrirhugaðar. Í mati á Kröflulínu 3 er enn við að glíma skort á þekkingu um þetta efni, en samkvæmt matsskýrslu Landsnets eru áform um að bæta úr með frekari vöktun og rannsóknum. Skipulagsstofnun áréttar mikilvægi þess að það verði tryggt í leyfisveitingum til Kröflulínu 3 að áhrif línunnar á áflug fugla verði vöktuð. Þar verði gerð krafa um vöktunaráætlun sem unnið er að í samráði við Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands.”

Leyfisveitandi telur rétt að fallast á þau sjónarmið sem fram koma í álitinu um þessi efni og binda framkvæmdaleyfið skilyrði í samræmi við það.

Í kafla 3.3.2 í álitni Skipulagsstofnunar er gerð grein fyrir niðurstöðu varðandi áhrif framkvæmdarinnar á hreindýr. Fram komi að Skipulagsstofnun taki undir niðurstöðu Landsnets um að Kröflulína 3 sé líkleg til að hafa tímabundin óveruleg neikvæð áhrif á viðgang hreindýra á Jökuldals- og Fljótsdalsheiði að teknu tilliti til áformaðra mótvægisáðgerða. Þau áhrif sem um ræðir eru fyrst og fremst talin geta orðið á framkvæmdatíma og hefur Landsnet gert grein fyrir mótvægisáðgerðum að hafa samráð við Náttúrustofu Austurlands um mögulegar leiðir til að lágmarka neikvæð áhrif á framkvæmdanna á hreindýr á framkvæmdatímanum. Jafnframt verði í samráði við Náttúrustofu Austurlands kannað hvort ástæða sé til að takmarka umferð um línuveginn, svo sem á burðartíma hreindýra.

Leyfisveitandi telur mikilvægt að gæta að tilgreindum áhrifum á hreindýr og bregðast við með viðeigandi hætti verði þau neikvæð.

c) Landslag og ásýnd – Loftlínur og jarðstrengir.

Í kafla 3.5.3 í álitni Skipulagsstofnunar er gerð grein fyrir niðurstöðu um áhrif á landslag og ásýnd.

Að mati Skipulagsstofnunar verða áhrif af lagningu línunnar allt frá því að vera nokkuð neikvæð til þess að verða verulega neikvæð. Skipulagsstofnun telur almennt jákvætt að Kröflulína 3 fylgi línuleið Kröflulínu 2 eins og aðalvalkostur felur í sér en ljóst sé þó engu að síður að það hafi samlegðaráhrif og breyti ásýnd og áhrifum frá því sem var með einni línu. Þá telur Skipulagsstofnun skipta máli í þessu tilliti að líftími Kröflulínu 2 sé takmarkaður og fyrir séð að í nánustu framtíð komi til ákvarðana um hvort hún verður lögð af eða lögð í jörð.

Rakið er að á Jökuldals- og Fljótsdalsheiðum hafi Landsnet kynnt valkosti um jarðstreng á hluta leiðarinnar sem myndu draga verulega úr neikvæðum sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar á þeim köflum þar sem heiðarnar eru víðáttumikil, lítt snortin svæði með miklu víðsýni. Á svokölluðu svæði VII Fljótsdalsheiði er talið að áhrif á landslag og ásýnd samkvæmt aðalvalkosti verði verulega neikvæð og hafi Landsnet kynnt valkost á því svæði með 15 km jarðstreng sem leiddi til minni mun minni áhrifa en loftlína.

Í Fljótsdal, svæði VIII, kemur fram að yst í Norðurdal sé Fljótsdalsstöð og tengd mannvirki og gert sé ráð fyrir að línuleið muni liggja fram af Valþjófsstaðafjalli um Teigsbjarg, samsíða Kröflulínu 2, sem standi á stálgrindarmöstrum á þessum kafla að tengivirki. Settir eru fram tveir jarðstrengskostir, E5 niður Teigsbjarg og E6 meðfram Bessastaðaá og vegi að Fljótsdalsstöð um 15 km leið. Báðir kostirnir fela í sér að Kröflulína 2 verði lögð í jörð en Kröflulína 3 tengist inn á núverandi möstur Kröflulínu 2.

Skipulagsstofnun telur að áhrif á ásýnd Valþjófsstaðafjalls með tilkomu Kröflulínu 3 sem loftlínu verði talsvert neikvæð þar sem möstur og leiðarar verði áberandi í fjallshlíðinni. Hins vegar verði áhrif loftlínu minni þegar komið er niður í Fljótsdal og inn á mannvirkjasvæði

Fljótsdalsstöðvar. Skipulagsstofnun telur, með tilliti til áhrifa á ásýnd Valþjófsstaðafjalls og landslag muni jarðvegsstrengir E5 og E6 hafa hverfandi neikvæð áhrif.

Svo sem fram kemur í álitum Skipulagsstofnunar er gert ráð fyrir að leyfisveitendur taki afstöðu til þess hvort og að hve miklu leyti Kröflulína 3 verði sett í jörð og þá er því sérstaklega beint til sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps að taka afstöðu til valkosta um jarðstrengi í Fljótsdal sem kæmu í stað 132 kV Kröflulínu 2 sbr. umfjöllun hér að framan.

Eins og áður greinir hefur verið aðalskipulags Fljótsdalshrepps verið mörkuð sú stefna að Kröflulína 3 verði loftlína en þó þannig að framkvæmdinni verði háttáð þannig að neikvæð sjónræn áhrif verði takmörkuð eins og kostur er og haft verði yrði samráð við sveitarfélagið í þeim efnum. Sú útfærsla á fyrirkomulagi og mastragerð sem umsókn felur í sér er í samræmi við niðurstöðu samráðs sveitarfélagsins og Landsnets sbr. umfjöllun í kafla IV. Við mat leyfisveitanda á mismunandi valkostum var meðal annars litið til umsagnar Umhverfisstofnunar dags. 9. júlí 2014 sem veitt var við gerð aðalskipulags Fljótsdalshrepps 2014-2030 en þar sagði:

“Umhverfisstofnun tekur að ýmsu leyti undir sjónarmið Fljótsdalshrepps að reyna að draga úr neikvæðum sjónrænum áhrifum mannvirkja eins og kostur er og að jafnframt verði allir kostir sem koma til greina skoðaðir vandlega. Umhverfisstofnun hefur hins vegar ákveðnar efasemdir um hvort unnt verði að leggja jarðstreng niður hlíðar Valþjófsstaðafjalls án þess að slíkri framkvæmd fylgi umtalsvert jarðrask.”

Með hliðsjón af framangreindu og með því að línumannvirki hafa þegar verið lögð niður Valþjófsstaðafjall og annars staðar á línuleiðinni innan sveitarfélagsmarka Fljótsdalshrepps var það og er afstaða leyfisveitanda að fallast á þá tilhögun á lagningu Kröflulínu 3 innan sveitarfélagsins eins og henni er lýst í umsókn Landsnets og fylgigögnum. Þar leyfisveitandi hefur ekki uppi áskilnað um að notaðir verði jarðstrengir við lagningu Kröflulínu 3 í Fljótsdalshreppi og því ekki þörf á að hafa samráð við aðra leyfisveitendur um slíka tilhögun sbr. áðurgreinda umfjöllun í álitum Skipulagsstofnunar. Það var og er jafnframt niðurstaða leyfisveitanda að gera ekki kröfu um að Kröflulína 2 verði sett í jarðstreng annað hvort eftir valkosti E5 eða E6 sbr. umfjöllun hér að framan. Með tilliti til þeirra mannvirkja sem nú eru og verða eftir lagningu Kröflulínu 3 telur leyfisveitandi að neikvæð umhverfisáhrif af jarðraski sem myndi leiða af lagningu línunnar í jörð séu umtalsvert og jafnast á við þau sjónrænu áhrif loftlínanna.

d) Menningarminjar.

Í kafla 3.8.2 í álitum Skipulagsstofnunar er fjallað um áhrif framkvæmda við Kröflulínu 3 á menningarminjar og er það niðurstaða álitsins að teknu tilliti til þeirra aðgerða sem Landsnet hyggst grípa til í því skyni að draga úr eða koma í veg fyrir rask á minjastöðum og fornleifum muni framkvæmdin samkvæmt öllum valkostum hafa óveruleg áhrif á menningarminjar.

Í matsskýrslu er í kafla 9.3.1 gerð grein fyrir fornminjum á framkvæmdasvæði aðalvalkosta Landsnets og kemur þar fram að eina skráða fornleif eða minjar í Fljótsdalshreppi séu rústir við rætur Teigsbjargs í Norðurdal, nálægt framkvæmdasvæði. Fram kemur að minja- og varðveislugildi rústanna sé talsvert og minjarnar séu í einhverri hættu á meðan á framkvæmdum stendur. Leyfisveitandi leggur áherslu á að framkvæmdum verði hagað þannig að komið verði fyrir veg eins og frekast er unnt að umræddar rústir spillist vegna framkvæmdanna en komi í ljós að rask sé óhjákvæmilegt verði haft samráð við Minjastofnun Íslands, Fljótsdalshrepp og landeiganda um skráningu og frágang.

VI. Málsmeðferð, útgáfa framkvæmdaleyfis og framkvæmdaleyfisgjald.

Drög að greinargerð þessari ásamt drögum að framkvæmdaleyfi voru tekin til umfjöllunar og afgreidd á fundi byggingar- og skipulagsnefnd Fljótsdalshrepps þann 30. apríl 2019. Nefndin samþykkti að mæla með við sveitarstjórn að fallist á erindi Landsnets með þeim hætti sem greinir í drögum framkvæmdaleyfinu á grundvelli þeirra sjónarmiða sem fram koma í greinargerð þessari.

Um gjaldtöku fyrir framkvæmdaleyfi þetta fer samkvæmt 4. gr. samþykktar Fljótsdalshrepps um framkvæmdaleyfisgjald o.fl. nr. 820/2016 sbr. og 13. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi. Framkvæmdaleyfi skal taka gildi þegar leyfisgjald hefur verið greitt.